

## Stjórnarfundur í Geðhjálp

16.04.20 kl. 16:30

**Mætt:** Héðinn Unnsteinsson, Garðar Sölvi Helgason, Sigríður Gísladóttir, Silja Björk Björnsdóttir, Bergþór Böðvarsson, Einar Kvaran og Halldór Auðar Svansson sem ritaði fundargerð

**Einnig:** Grímur Atlason, framkvæmdastjóri

1. Fundargerð frá 26.03.2020

Stjórn samþykkir fundargerð síðasta fundar.

2. Aðalfundur 2020 (HU og GA)

Dagsetning aðalfundar 16. maí stendur. Samkomubann fyrir stærri hópa en 50 verður í gildi þá en samkvæmt reynslu hefur þátttaka á aðalfundi almennt ekki farið fram úr þessum fjölda. Stjórn felur framkvæmdastjóra að boða aðalfund, gera ráðstafanir í kringum þann möguleika að fleiri en 50 mæti á fundinn, og leita þess að fá stærri sal undir fundinn til þess að tryggja fjarlægð milli fundargesta.

3. Styrktarsjóður Geðhjálpar (HU og GA)

Lokadrög að tillögu um stofnun Styrktarsjóðs Geðhjálpar lögð fram. Stjórn samþykkir að leggja tillöguna fram fyrir aðalfund samtakanna. Stjórn mun jafnframt leggja það til að stjórnin skipi starfsstjórn til að reka sjóðinn fram að aðalfundi 2021.

4. Aukaframlag frá félagsmálaráðuneytinu (GA)

Framkvæmdastjóri rekur þá ákvörðun félagsmálaráðuneytisins að veita Geðhjálp aukaframlag að upphæð 5 mkr. til að geta brugðist við auknu álagi í þjónustu samtakanna við viðkvæma hópa sem verða fyrir áhrifum vegna COVID-19 faraldursins. Nú þegar hefur orðið vart við aukna eftirspurn eftir ráðgjöf og fyrirséð er að eftirspurnin aukist enn frekar eftir því sem líður á árið. Stjórn samþykkir að veita framkvæmdastjóra heimild til að ráðstafa 4 mkr. af framlaginu í aukin stöðugildi við ráðgjöf. Stjórn mun taka afstöðu til ráðstöfunar þeirrar 1 mkr. sem út af stendur með haustinu.

5. Vefsíða Geðhjálpar (GA og SBB)

Framkvæmdastjóri ásamt SBB kynna drög að útliti nýrrar vefsíðu Geðhjálpar. Fyrir liggur vinna við að velja og skrifa það efni sem verður á síðunni og raða því, sem og við notendaprófanir. Stefnt er að því að síðan verði tilbúin þann 10. október nk.

6. Önnur mál

GSH spyr út í þau skilaboð sem nú heyrast þegar hringt er inn til Geðhjálpar, þess efnis að símtalið geti verið hljóðritað. Stjórn felur framkvæmdastjóra að tryggja að símtöl séu ekki hljóðrituð og að það verði skýrt gagnvart þeim sem hringja inn.

HU viðrar stöðu mála varðandi geðráð, sbr. ályktun stjórnar þann 26. mars sl. Heilbrigðisráðuneytið hefur kallað saman vísi að geðráði og tveir fundir hafa verið haldnir. Stjórn telur mikilvægt að skýra stöðu og hlutverk geðráðs og festa það formlega í sessi. Framkvæmdastjóra ásamt HU er falið að forma erindi til heilbrigðisráðuneytisins þess efnis.

Fundi slitið kl. 17:38

Éminni þótt þú  
Hallgrímur Arnar Svansson

---

Guðrún G. Helgason  
Sigríður Arnaldóttir  
Astrang Inga Kristinsd.  
Bessía & Böttvasson  
Einar G. Kravari